

Starfsendurhæfing

07 988

Ársreikningur 2020

Efnisyfirlit

Bls.

Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Skýringar	6

Starfsendurhæfing

Fjárlagaliður er í umsjón

Vinnumálastofnunar

kt. 700594-2039

Kringlunni 1, 103 Reykjavík

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Starfsendurhæfing er ríkisaðili í A-hluta sem starfar á grundvelli sérlaga þar sem markmiðið er að tryggja einstaklingum með skerta starfsgetu í kjölfar veikinda eða slysa atvinnutengda starfsendurhæfingu.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 30 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2020 var ársveltan kr. 334,6 milljónir og afkoma kr. -63,8 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. -63,8 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 13,4 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2020 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Starfsendurhæfingar í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Starfsendurhæfingar fyrir árið 2020 með undirritun sinni.

Unnur Sverrisdóttir,
forstöðumaður

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2020

	Skýr	2020	2019
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	<u>334.600.000</u>	<u>437.200.000</u>
Tekjur samtals		<u>334.600.000</u>	<u>437.200.000</u>
Gjöld			
Annar rekstrarkostnaður	3	<u>398.440.692</u>	<u>348.132.566</u>
Gjöld samtals		<u>398.440.692</u>	<u>348.132.566</u>
Afkoma ársins		<u>(63.840.692)</u>	<u>89.067.434</u>
Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum	2		
Rekstur		(70.240.692)	47.567.434
Rekstrartilfærslur		<u>6.400.000</u>	<u>41.500.000</u>
		<u>(63.840.692)</u>	<u>89.067.434</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2020

	Skýr	31.12.2020	31.12.2019
Eignir			
Veltufjármunir			
Tengdir aðilar	4	13.439.153	98.322.434
Eignir samtals		<u>13.439.153</u>	<u>98.322.434</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	5		
Hrein eign		(63.840.692)	89.067.434
Eigið fé samtals		<u>(63.840.692)</u>	<u>89.067.434</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar	4	71.600.000	0
Ýmsar skammtímaskuldir	6	5.679.845	9.255.000
Skuldir samtals		<u>77.279.845</u>	<u>9.255.000</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>13.439.153</u>	<u>98.322.434</u>
Aðrar upplýsingar	7		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2020

	Skýr	2020	2019
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		(63.840.692)	89.067.434
		(63.840.692)	89.067.434
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Tengdir aðilar		67.415.847	(92.150.768)
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		(3.575.155)	3.083.334
		63.840.692	(89.067.434)
	Handbært fé frá rekstri	<u>0</u>	<u>0</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		0	0
		0	0
	Handbært fé í árslok	<u>0</u>	<u>0</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu við reikningsskilin.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggja atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsagjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsagjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

	2020	2019
2 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	334.600.000	437.200.000

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	328.200.000	6.400.000	0	334.600.000
Fjárveiting til tekna	328.200.000	6.400.000	0	334.600.000
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum ..	(398.440.692)	0	0	(398.440.692)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	(70.240.692)	6.400.000	0	(63.840.692)

	2020	2019
3 Annar rekstrarkostnaður		
Sérfræðipjónusta	0	2.155.000
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðipjónusta	0	2.155.000
Samningsbundin kaup og leiga	255.240.692	342.605.054
Leigugjöld	0	2.362.459
Verkkaup	0	1.010.053
Kostnaðarhlutdeild	143.200.000	0
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	398.440.692	345.977.566
Annar rekstrarkostnaður samtals	398.440.692	348.132.566
	31.12.2020	31.12.2019

4 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	13.439.153	98.322.434
	<u>13.439.153</u>	<u>98.322.434</u>

Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs	71.600.000	0
	<u>71.600.000</u>	<u>0</u>

5 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

Hrein eign

Jöfnuður 1.1.	89.067.434	5.644.928
Breytingar á árslokastöðu fyrra árs samkvæmt ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins	(89.067.434)	(5.644.928)
Afkoma ársins	(63.840.692)	89.067.434
Jöfnuður 31.12.	<u>(63.840.692)</u>	<u>89.067.434</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

Skýringar

	31.12.2020	31.12.2019
6 Ýmsar skammtímaskuldir		
Önnur ógreidd gjöld	5.679.845	9.255.000
	<u>5.679.845</u>	<u>9.255.000</u>

7 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Fjárlagaliðurinn hefur gert skuldbindandi samninga um þjónustu, árlegar greiðslur vegna þeirra nema kr. 259,2 milljónum. Fjárlagaliðurinn er einnig með samninga við Vinnuálastofnun, árlegar greiðslur vegna þeirra nema 71,7 milljónum.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum fjárlagaliðarins í árslok 2020.

Veittar ábyrgðir

Fjárlagaliðurinn hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir fjárlagaliðarins felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

Óafturkallanleg loforð

Fjárlagaliðurinn hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hans

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.